

## Svar

### heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra

við fyrirspurn á þskj. 120 um framkvæmdir við heilsugæslustöðina á Raufarhöfn frá Kristjáni L. Möller

Virðulegi forseti.

Háttvirtur 3. þingmaður norðausturlandskjördæmis Kristján L. Möller, hefur beint til mín fyrirspurn varðandi framkvæmdir við heilsugæslustöðina á Raufarhöfn.

1. *Hvers vegna eru framkvæmdir við heilsugæslustöðina á Raufarhöfn ekki hafnar?*
2. *Hvenær er áætlað að framkvæmdir hefjist og hvenær á þeim að ljúka?*
3. *Hver hefur verið undirbúningskostnaður við verkið fram til þessa?*

Virðulegur forseti.

Því er fyrst til að svara að undirbúningur að núverandi endurbótum á húsnæði heilsugæslustöðvarinnar á Raufarhöfn hófst á árinu 2001. Margt hefur orðið til þess að tefja þessa vinnu, bæði hafa nýjar hugmyndir um lausn þessa verkefnisins truflað undirbúning og eins hafa gefin loforð um skil undirbúningsvinnu ekki staðist og því hefur ekki verið unnt að hefjast handa um framkvæmdir. Nú er vetur genginn í garð og ekki heppilegt að hefja slíkt verk fyrir en vorar á ný. Verður veturinn í vetur notaður til að yfirfara öll áform um verkið og forsendur þess. Ætlunin er að sú yfirferð taki ekki meira en fjóra mánuði og framkvæmdir hefjist strax og niðurstaða hennar liggur fyrir og árstíð leyfir. Verklök verða í síðasta lagi haustið 2005.

Bókfærður kostnaður vegna þessa verkefnis er nú 1.538 þúsund kr þar af 1.260

þús kr. vegna hönnunar verksins.

Virðulegi forseti

Ég vona að þessar upplýsingar svari spurningum háttvirts þingmanns.

(Talað orð gildir)